

## **32. Fundur bæjarráðs Blönduósbæjar miðvikudaginn 3. ágúst 2011, kl. 10:00.**

**Formaður bæjarráðs, Kári Kárason setti fundinn. Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.**

---

### **Dagskrá:**

- 1. Skólamáltíðir**  
**Þórhalla Guðbjartsdóttir og Auðunn Steinn mæta undir þessum lið**
  - 2. Fundargerðir**
    - a. 788. Fundur Sambands íslenskra sveitarfélaga**
    - b. Stjórnarfundur SSNV frá 7. Júlí 2011**
    - c. Byggðasamlag um menningu- og atvinnumál frá 27. júní**
  - 3. Bréf frá Siglingarstofnun vegna sjóvarna frá 12. Júlí**
  - 4. Bréf frá Laxveiðifélagi Laxár á Ásum frá 12. júlí**
  - 5. Bréf frá Þjóðskrá Íslands frá júní 2011**
  - 6. Uppsögn á beitarhólfi**
  - 7. Önnur mál**
- 

### **Afgreiðslur:**

- 1. Skólamáltíðir**  
**Þórhalla Guðbjartsdóttir og Auðunn Steinn mæta undir þessum lið**  
*Þórhalla Guðbjartsdóttir, skólastjóri Blönduskóla og Auðunn Steinn, formaður skólanefndar mættu á fundinn.*  
*Þórhalla og Auðunn kynntu vinnu starfshóps um fyrirkomulag skólamáltíða í sveitarfélögum.*  
*Mikil vinna stendur yfir við enduskoðun á rekstri skólamötuneyta í grunnskóla og leikskóla. Áfram verður unnið að þessum málum og m.a. verður rætt við Blöndubbyggð ehf. um möguleika á áframhaldandi samstarfi.*  
*Bæjarráð þakkar Þórhöllu Guðbjartsdóttur og Auðunni Steini fyrir vel unnin störf og þau yfirgefa fundinn.*
- 2. Fundargerðir**
  - a. 788. Fundur Sambands íslenskra sveitarfélaga**  
*Fundargerðin er í 22. liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu.*  
*Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 3 samhljóða atkvæðum.*

### **b. Stjórnarfundur SSNV frá 7. Júlí 2011**

*Fundargerðin er í 9. liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 3 samhljóða atkvæðum.*

### **c. Byggðasamlag um menningu- og atvinnumál frá 27. júní 2011**

*Fundargerðin er í 4. liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu.*

*Bæjarstjóri greindi frá ferð sem farin var til Hornafjarðar af hálfu Bs. um menningu og atvinnumál og framkvæmdastjóra HSB þar sem rekstur sveitarfélagsins Hornafjarðar á heilbrigðisstofnunni á Hornafirði var skoðaður. Miklar umræður urðu um málið og möguleika þess að sveitarfélögin í Austur-Húnavatnssýslu komi að rekstri HSB.*

*Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 3 samhljóða atkvæðum.*

### **3. Bréf frá Siglingastofnun vegna sjóvarna frá 12. Júlí 2011**

*Siglingastofnun hefur tekið saman yfirlitsskýrslu um sjóvarnir á Blönduósi og metið hvar þörf er á nýrri sjóvörn eða styrkingu á eldri sjóvörnum. Það er mat Siglingastofnunar að lagfæra þarf eða byggja nýja sjóvörn á móts við Brimslóð, við ósa Blöndu og við Hafnarbraut og Ægisbraut.*

*Bréfinu er vísað til tæknideildar til afgreiðslu. Bæjarráð hefur miklar áhyggjur af ágangi sjávar á Blönduósi.*

### **4. Bréf frá Laxveiðifélagi Laxár á Ásum frá 12. júlí 2011**

*Fundur í Laxveiðifélagi Laxár á Ásum var haldinn 24. júlí sl.*

*Lagt fram til kynningar.*

### **5. Bréf frá Þjóðskrá Íslands frá júní 2011**

*Þjóðskrá Íslands hefur nú lokið endurmati fasteignamats á landinu öllu.*

*Heildarmat fasteigna á landinu öllu hækkar um 6,8%. Mesta hækkunin á landinu er á Norðurlandi vestra 11,9% og á Blönduósi um sömu prósentutölu.*

*Lagt fram til kynningar.*

### **6. Uppsögn á beitarhólfi**

*Blönduósbær hefur borist tvær uppsagnir á beitarhólfum. Annars vegar frá Herði Ríkharðssyni, beitarland nr. 25 og frá Þórólfi Óla Aadnegaard, beitarland H. 17.*

*Hörður Ríkharðsson vísar af fundi undir þessum lið.*

*Lagt fram til kynningar.*

## **7. Önnur mál**

### **a) Grunnskóli og Íþróttamannvirki.**

*Umræður urðu um skipulagsbreytingar á Grunnskóla og Íþróttamannvirki. Miklar umræður urðu um málið.*

### **b) Fundargerð fræðslunefndar frá 28. júlí 2011.**

*Fundargerðin er í 1.lið. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 3 samhljóða atkvæðum.*

*Fundargerð upplesin og samþykkt.*

*Fundi slitið 13:45*

*Kári Kárason (sign.)  
Zophonías Ari Lárusson (sign.)  
Hörður Ríkharðsson (sign.)*

*Arnar Þór Sævarsson (sign.)*